

**57** Þetta er hjermeð birt öllum hlutaðeigendum og jafnframt lagt fyrir  
24. maí hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningarlaganna.

Í stjórnarráði Íslands, 25. maí 1904.

*H. Hafstein.*

*Jón Magnússon.*

**58**  
24. maí

## Reglugjörð

um túngirðingar.

### 1. gr.

Gaddavírsgirðingar þær, er landssjóður leggur fram fje til að kaupa efnið í, samkvæmt lögum um túngirðingar, dags. 19. des. 1903, skulu vera svo sem segir í eptirfarandi greinum.

### 2. gr.

Gaddavirinn skal vera galvaníseraður, fjóryddur og 4—5 þuml. bil milli gadda.

Járnteinarnir skulu vera galvaníseraðir, sivalir, ekki rírari en  $\frac{3}{8}$  þuml. að þvermáli. Teinarnir skulu vera í 5 lengdum 65 þuml., 52 þuml., 42 þuml., 33 þuml. og 24 þuml..

Járnstólparnir skulu vera galvaníseraðir og mun sterkari en teinarnir. Þeir skulu vera annaðhvort vinkilbeygðir eptir endilögu til að standa í jörðu, 65 þuml. langir, eða flatir til að festast í steina, 43 þuml. langir.

Máttarstólparnir, sem ætlaðir eru til að strengja virinn við og styðja girðingarnar skulu vera með stytum, þarsem þess er þörf og leggur sá þá til, er girðingarefnisins hefir óskad, enda ræður hann, hvert efni til þeirra er notað.

Járnteinar, járnstólpar og máttarstólpar, heita einu nafni stuðlar (sbr. 9. gr. laganna).

### 3. gr.

Gaddavírsgirðing á jafnsljettu skal vera með 5 strengjum. Nedsti strengurinn skal hvervetna vera 7 þuml. frá jörð. annar strengurinn 13 þuml., þriðji strengurinn 21 þuml., fjórði strengurinn 29 þuml. og 5. strengurinn 42 þuml. frá jörðu. Sjeu hæðir nokkrar svo nærri girðingunni að skepnur geti stökkið af þeim yfir hana, þá skal nema þær burtu. Liggi aptur laut svo nærri girðingunni, að kind geti þaðan komizt undir nedsta strenginn, þá skal fylla hana upp.

## 4. gr.

58

Þar sem garður er hláðinn undir gaddavírsgirðing, ákveður skoðunar- 24. maí  
maður sá, er ræðir um í 5. gr. nefndra laga, hve marga vírstrengi þarf ofaná  
hann. Garðar þessir mega eigi vera svo breiðir að ofan að kindur geti fótað  
sig á þeim fyrir utan vírinn. Þar sem 4 strengir eru, skal neðsti strengurinn  
vera 5 þuml. fyrir ofan garðinn miðjan, annar strengur 11 þuml., þriðji streng-  
ur 18 þuml. og fjórði strengur 29 þuml. fyrir ofan garðinn. Þar sem 3 streng-  
ir eru, skal neðsti strengurinn vera 5 þuml. fyrir ofan garðinn miðjan, mið-  
strengurinn 11 þuml. og efsti strengurinn 21 þuml. fyrir ofan hann. Þar sem  
eru 2 strengir, skal neðri strengurinn vera 5 þuml. fyrir ofan garðinn miðjan  
en efri strengurinn 13 þuml. fyrir ofan hann. Sje aðeins einn strengur skal  
hann vera 6 þuml. fyrir ofan garðinn miðjan.

## 5. gr.

Stuðlarnir, sem vírinn er festur á, skulu vera með 3 fadma millibili þar  
sem girt er með 4 eða 5 strengjum, en sje girt með 3 eða 2 strengjum, skal  
bilið vera 2<sup>1</sup>/<sub>2</sub> fadmur og þar sem girt er með einum streng 2 fadmar.

## 6. gr.

Máttarstólpar allir skulu standa niður úr klaka, nema sjeu þeir úr járn-  
og festir í steina, er eigi geta haggast. Þeir máttarstólpar, sem eru þar sem  
girðing beygist inn eða út, upp eða niður, eða eru á enda girðingar eða  
við hlið, skulu vera miklu sterkari en þeir máttarstólpar, sem eingöngu eru  
ætlaðir girðingunni til stuðnings og skulu vera svo vel festir, að þeir haggist  
ekki, hversu mikið sem vírinn er strengdur við þá.

## 7. gr.

Skoðunarmaður ákveður, hvar þörf er á að hafa máttarstólpa, girðing-  
unni til stuðnings, eptir landslagi, jarðvegi og því, hvort notaðir eru teinar ein-  
göngu eða járnstólpar að meira eða minna leyti, eða hversu margir vírstrengir eru.

## 8. gr.

Járnteinar og járnstólpar þeir, sem vírstrengirnir eru festir við á milli  
máttarstólpanna, skulu ganga svo langt niður, að þeir ýtist ekki til hliðar í  
jörðunni eða garðinum, eða að öðrum kosti vera festir í steina.

## 9. gr.

Hlið þau, sem á girðingunni eru, skulu vera svo útbúin, að hvorki sauð-  
fjenaður eða stórgripir komist um þau, þegar þau eru lokuð, og alfarahlíð þau,  
sem á girðingunni eru, skul vera með grindum á járnum.

## 10. gr.

Naglar þeir og kengir eða vír, sem gaddavírinn er festur með við stuðl-  
ana, skal vera galvaniseraður. Gadd vírinn skal jafnan vera vel strengdur.

Í stjórnarráði Íslands, 24. maí 1904.

*H. Hafstein.*

*Jón Hermannsson.*